
*Bæjarsker á Reykjanesi, sunnan Sandgerðisbæjar:
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*



Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2017

FS678-17361





Á forsíðu má sjá loftmynd frá Loftmyndum ehf. af svæðinu sunnan við Sandgerði og hafa ýmis landupplýsingagögn verið sett þar ofan á, þar á meðal deiliskipulagsreiturinn og uppmælingar af fornleifum á svæðinu.

© 2017

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@instarch.is

HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	5
1. Inngangur.....	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	10
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	12
4. Saga Bæjarskerja og fornleifaskrá	14
<i>GK-055 Bæjarsker/Býjasker - saga.....</i>	<i>14</i>
<i>Fornleifaskrá</i>	<i>17</i>
5. Niðurstöður	32
Heimildaskrá.....	34
Óprentaðar heimildir	34
Hnitaskrá.....	36
Minjakort	37




Samantekt

Í desember 2017 var gerð fornleifaskráning á 30,5 ha deiliskipulagsreit fyrir Sandgerðisbæ. Reiturinn er í landi Bæjarskerja, skammt sunnan Sandgerðisbæjar, en á svæðinu er fyrirhugað að byggja upp nýtt íbúðasvæði. Deiliskipulagsreiturinn hafði verið genginn og 11 fornleifar skráðar árið 2008 en markmiðið með þessari rannsókn var að mæla upp allar þær fornleifar sem áður höfðu verið skráðar. Alls fundust 17 fornleifar í vettvangsrannsókn og þar af átta fornleifar sem ekki voru skráðar árið 2008. Garðlög sem skráð höfðu verið í sitthvoru lagi árið 2008 voru skráð undir einu númeri en fengu bókstafi til aðgreiningar. Nær allar minjarnar eru grjóthlaðnar. Mikið er um garðlög og litlar óþekktar þústir eða hleðslur en á svæðinu fundust einnig vörður, tóftir og byrgi.



1. Inngangur

Í desember 2017 fór Sandgerðisbær þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að fullvinna fornleifaskráningu innan deiliskipulagsreits sunnan við núverandi byggð í Sandgerði. Engin aðalskráning hefur farið fram á svæðinu en deiliskráning fór fram á reitnum árið 2008.¹ Samkvæmt kröfu Minjastofnunar Íslands var farið fram á að allar þær minjar sem höfðu fundist við fornleifaskráningu árið 2008 yrðu mældar upp til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir nákvæmri legu þeirra og útbreiðslu. Megintilgangur skipulagsins er að móta nýtt íbúðasvæði með leikskóla og útivistarsvæði.² Úttektarsvæðið er í landi Bæjarskerja, austan við Stafnesveginn og er 30,5 ha að stærð. Minjastofnun Íslands taldi að ekki þyrfti að ganga svæðið aftur líkt og gert var árið 2008 heldur aðeins að mæla upp þær fornleifar sem áður höfðu verið skráðar á svæðinu.³



Mynd 1. Sandgerði er norðarlega á Reykjanesi, hér sýnt með rauðum punkti

¹ Katrín Gunnarsdóttir, 2008a

² Kanon arkitektar, 2008, bls. 1

³ Minjastofnun Íslands, 6.des 2017

Vettvangsrannsókn fór fram um miðjan desember. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble Geoexplorer tæki til uppmælinga og eru þeim færðar þakkir fyrir lánið. Verkið unnu Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir en úrvinnsla, kortagerð og skýrsluskrif voru í höndum Lilju Laufeyjar Davíðsdóttur.



Mynd 2. Staðsetning deiliskipulagsreits.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangskafli kemur stutt yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í kjölfar hans fylgir 3. kafli þar sem farið er yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Í fjórða kafla verður farið stuttlega yfir sögu Bæjaskers en í kjölfarið fylgir sjálf minjaskráin þar sem fjallað verður um þær fornleifar sem falla innan reitsins. Í fimmta og jafnramt síðasta kaflanum verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minja á deiliskipulagsreitnum.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93	
Sýslutákn → SF	175	009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif


Mynd 2. Dæmi um framsetningu minjastaðar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar. Oft voru mörk merkjanlegra minja einnig mæld upp til þess að staðsetja þær enn betur. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Saga Bæjarskerja og fornleifaskrá

GK-055 Bæjarsker/Býjasker - saga

Nafnið Bæjarsker eða Býjasker á Rosmhvalanesi er nefnt í fjölmörgum heimildum. Elsta heimildin um bæinn kemur fram í Landnámabók en um og eftir 1300 kemur bæjarnafnið oft fram í *Diplomatarium Islandicum* eða Íslensku fornbréfasafni. Jörðin hefur því að líkindum byggst upp snemma. Samkvæmt heimildum var hálfkirkja á jörðinni og örnefnið Kirkjuklettur er til að mynda að finna á túnakorti Býjaskerjahverfisins.⁴ Örnefnið Lögrétta er einnig að finna



Túnakort Býjaskerjahverfis. Deiliskipulagsreiturinn er nokkuð austan við túnið.

á jörðinni⁵ sem bendir til þess að þar gæti hafa verið þingstaður. Hér á eftir má sjá upptalningu á þeim heimildum þar sem bærinn er nefndur og tilvitnanirnar sjálfar:

[Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "ok þar vr sionhending j hinn hæsta stein aa markskeri. Þaðann eigv sydvir biasker j miðjann eyktiar holm." (DI II, 77).

[Um 1270]: "Þetta er hvalskipte rost hvelinga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekrv millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn vij hlvt eiga biasker ok kirkiv niardvik halfan hvort." DI II, 78-79. [1367]: "lxvi. Kírkia hins heilaga Olafs kongs ad Byiaskerium a. etcetera. les wilchinsbok "; (Hítardalsbók DI III, 221)

10.6.1370: "Og af ollum bæium sudur þadan [frá Hvalsnesi] til Voga allar skylldur [til Hvalsness] vtan af Biaskerium oc þeim tveimur kotum sem þar fylgir jordunni. tekst þar af heima tiund. af Hvalsnesi

⁴ Magnús Grímsson 1940, 249

⁵ Ö-Bæjarsker AG, 2; Katrín Gunnarsdóttir 2008b, 29-30

skal syngia til Biaskeria annan huern dag helgan." (DI III, 256-257 [Hvalness])

1397: "Kirkia hins heilaga Olafs konungs ad Biaskerium [...]." (DI IV, 105).

5.9.1444: Skúli Loptsson selur Hallsteini Höskuldssyni Þingnes í Borgarfirði fyrir 60 hdr. "hier j mot gaf nefndur hallzsteinn halfa iord er heiter biasker er stendr aa Rosthualanesi firir halfan fiorda tug hundratha [...]" (DI IV, 658-659).

22.8.1488: Guðmundur Skúlason prestur selur Ólafi biskupi og heilagri Hólaakirkju: "haalfa jord er heiter biaskier er liggur aa rosthualanesi j hualsnes kirkiv sokn fyrir fiorvtigi hvndrada [...]" (DI VI, 637).

21.6.1489: "medkienning Sniolf(s) prests ad hann hafe luckt peninga fyrir Biaskier Gudmunde Skulasine." (DI VI, 659. Sjá einnig bréf 22.07.1491, DI VI, 758).

[1490]: Dómur útnefndur af Diðrik Þíning "aa biaskeria þingi". (DI VI, 719).

10.4.1517: Ögmundur ábóti í Viðey selur Hannesi Eggertssyni Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir "[...] halfa Biaskier oc Þoristadi er liggia aa Hrosshvalanesi [...]" (DI VIII, 608. Sjá einnig bréf 14.9.1517, DI VIII, 637 og bréf 7.7.1519, DI VIII, 699).

1525: Máldagi Hóladómkirkju. "(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. [...] biasker half." DI IX, 301-302. 11.9.1539: Dómur tólf mann útnefndra "aa biaskerivm aa rosmhvalanesi." DI X, 474. 1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Beerskeeriom v legekör. [...]" (DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403).

1.9.1552: Skýrsla um jarðeignir sem Jón biskup seldi frá Hólastól. "Biasker half xxc." DI XII, 459-460.

25.12.1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju. "Hafa þessar jarder. sem hier epter skrifast. logast og j burtu sellt fra Holakirkju aa medan biskup Jon hefur halldit kirkiuna. [...] Býasker half .xx. c." (DI XI, 872).

1686: 45 hdr., 100 ál., konungseign (Björn Lárusson, 122).

1695: 45 hdr. (Björn Lárusson, 122).

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Sidstakoti, Midkoti (GK-058), Holkoti (GK-056), Barusgerde (GK-057), eyðihjáleigunum Hialltakoti, Lambhúsi, Nordurkoti, Krossabrecku og Glæser auk tveggja ónefndra hjáleiga (JÁM III, 55-58).

"Eyvindr [frændi Steinunnar gömlu] bjó nokkura vetr síðan í Heiðabæ ok fór síðan á Rosmhvalanes til Bæjarskerja [...]" (ÍF I, 391).

1703: "[...] staðfestu þennan framburð og sönnuðu með eiði, eptir uppátekt Páls [Beyers] og tilnefnd sýslumanns, á Býjaskerja-, Kálfatjarnar- og Kópavogspingum, 2 lögréttumenn." (Vallaannáll, Annálar I, 451).

[Um 1840]: "Á Býjaskerjum [...], er það ekki full 46 hndr. með 5 hjáleigum (aðrar 5 höfðu einhvörn t(íma) áður fyrr verið byggðar). [...] Á fyrri dögum skyldu hafa verið margar hjáleigur fyrir utan þær, sem nú eru byggðar, sem nú sjást engin merki til, hvar staðið hafa" segir í Sýslu- og sóknarlýsingum (*Gullbringu- og Kjósarsýsla*, 80, 97).

1847: 45 5/6 hdr., bændaeygn, með hjáleigunum Hólkoti, Báruskeri og Norðurkoti, (JJ, 87).

1919: "Stakkagerði, þ. búð eyðilögð f. nák. 20 árum," segir á túnakorti. Þar eru einnig hjáleigurnar Hólahús og Syðstakot merktar sem og þurrabúðin Laufás.

Þurrabúðin Setberg, eyðibýlið Háabær og þrjú nýbýli, Vinaminni, Reynistaður og Sólbakki er nefnd í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker AG, 1-2). Örnefnið lögrétta er á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2).


Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í almenningi. Að auki nýtir heimabóndinn grasnytjar af hjáleigunum Lambhúsi, Norðurkoti, Krossbrekku og tveimur ónefndum eyðihjáleigum (JÁM III, 55-58.)

"Meðan fjöruþang var eina eldsneytið, var Eyrin óþrjótandi náma og fengu margir aðrir en eigendur að njóta góðs af því, fyrir litla eða enga þóknun," segir í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker MÞ, 2).

1919: "Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smáþýfðir." Tún (Býjasker A), 2.6 hekt., garðar 1320 m². Tún (Býjasker V), 2.6 hekt., garðar 1280 m². Tún (Hólshús), 1.15 hekt., garðar 300 m². Tún (Syðstakot), 1.4 hekt., garðar 1830 m². Tún (Laufás), 0.33 hekt., garðar 400 m². Öll torfan samtals 8.08 hekt., og garðar 5130 m².

1703: "Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Fjörugrasatekja nokkur. Hrognkelsafjara nokkur. Murukjarnar og söl er brúkaðar fyrir pening [...] lendíng slæm, önnur langt frá í flæðiholma og þar fyrir mjög bæði hætt fyrir skip og erfið [...]. Tún gánga mjög af sjer fyrir sandi og sjáfarágangi. Engjar eru öngvar. Land graslítið, mestalt grjót og sandur. Flæðihætt mjög. Eldiviðartak ekkert nema af fjöruþangi. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum," segir í JÁM III, 55.

"Ofan við túnið er kúagerði," segir í örnefnaskrá AG. Þar kemur jafnframt fram að örnefnið Hesthúshóll sé á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2). "Sölvatangi. Langt rif, sem er milli sundanna. Sölvatekja," segir í örnefnaskrá MÞ (Ö-Bæjarsker MÞ, 3).



Bæjarteikning danskra landmælingarmanna af Bæjarskerjum frá árinu 1908. Deiliskipulagsreiturinn er merktur með appelsínugulri línu og hér sést að hann er austan við heimatún bæjanna. Heimild: Generalstabens topografiske kort.

Fornleifaskrá

Innan deiliskipulagsreitsins fundust 17 fornleifar, þar af átta sem ekki höfðu verið skráðar áður. Garðlög sem skráð höfðu verið í sitthvoru lagi árið 2008, voru skráð undir einu númeri þar sem þau tengdust en fengu bókstafi til aðgreiningar. Til þess að einfalda málin fylgja eldri númer, úr fornleifaskráningarskýrslu Katrínar Gunnarsdóttur frá árinu 2008, með skránni. Þær fornleifar sem ekki voru skráðar árið 2008 fá aðeins ný númer. Fornleifarnar verða nú taldar upp í númeraröð:

GK-055:103 Bæjarskersrétt tóft rétt

A: 319209 N: 396927

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -149 (60)**



Til vinstri má sjá Bæjarskersrétt GK-055:103, horft til SSA og á hægri myndinni má sjá garðlag sem liggur norðaustan við réttina, horft til austurs.


"Við Bæjarskersréttina hitti hópurinn fyrir Reyni Sveinsson (Fræðasetrinu) og Pétur Bryngarðsson, sagnfræðing í Sandgerði. Pétur benti á Bæjarskersréttina og leiddi hópinn að Bæjarskersleiðinni [...]. Pétur sagði að elsta réttin á svæðinu, svo vitað sé, hafi verið Álaborgin nyrðri [GK-068:012] ofan við Flankastaði, síðan hafi Álaborg syðri [094] verið byggð ofan við Bæjarsker, en hún hafði síðan verið flutt í réttina, sem við komið var fyrst að," segir á Ferlir.is. Katrín Gunnarsdóttir skráði réttina árið 2008: "Um 50 m frá Bæjarskersvegi í suður eftir Stafnesvegi, rétt ofan við veginn. Réttin er upphlaðin að mestu, en með einstaka hliðum sem eru eingöngu úr timbri eða timbrið er til stuðnings hleðslum, og einnig er það notað í hlið í hólf réttarinnar. [...] Hleðslugarðar eru fyrir utan réttina, en þeir eru einhlaðnir, og ræðst hæðin af stærð steinanna sem eru í þeim [...]. Rétt þessi var tekin í notkun upp úr 1930, en áður var notuð Álaborgarrétt sjá nr. [094]." Bæjarskersrétt er um 340 m austan við bæ 001 og rúmum 290 m vestan við þúst 143.

Réttin er í heiði, víða eru moldarflög, stakir steinar og melur inn á milli klapparhóla. Mosi og gras er ríkjandi á þessu svæði. Réttin er 24 x 24 m að stærð og er grjóthlaðin. Meðfram veggjum er víða timbur sem notað er til stuðnings og er hluti af veggjum. Jafnframt eru timburhlið í öllum opum. Veggirnir eru 0,4-1,1 m á hæð, 2 m á breidd og það má greina 3-4 umför af grjóthleðslu í þeim. Í miðjunni er almenningur (hólf 1) og þaðan eru op til allra átta inn í dilka, í allt eru þau níu talsins. Til vesturs eru fjórir dilkar (hólf 2-5) sem allir eru varðveittir. Að austan er réttin röskuð og allir dilkar horfnir, einungis opin úr almenningnum bera þeim vitni. Opin eru þrjú talsins þar. Þar er nú einungis einn dilkur (hólf 6) úr timbri og lágreist hleðsla skammt sunnar. Fyrir norðan réttina er hólf 7 sem afmakast af einfaldri steinaröð. Hleðslan er 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Þar ofan á var líklega vírgirðing en það er ljóst að umfang þess er mun minna en í réttinni sjálfri. Hólfið er ekki inni í réttinni sjálfri,

mögulega var það fyrir hesta. Rúmum 8 m austan við réttina er garðlag. Það er 17 m langt og liggur norður-suður í moldarrofi. Það er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki er ljóst hver tilgangur þess er, það tengist réttinni að öllum líkindum eða er undirhleðsla undir vírgirðingu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ferlir. „Stóri-Hólmur og Bæjarsker“; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 16



Teikning af réttinni. Hleðslur eru úr grjóti en hólfi 6 er timburbyggt.


Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -133 (16)**



Kálgarðar GK-055:122A, horft til suðvesturs og GK-055:122B, horft til vesturs

Katrín Gunnarsdóttir skráði einn kálgarð ofan Bæjarskers árið 2008: "Einhlaðinn undirhleðslugarður sem er hlaðinn í kring um grasivaxinn túnblett. Þar er austur-vestur hlið um 19 m og norður-suður um 40 m. [...] Nokkuð er grasivaxið upp að steinunum. Girðingastaurar liggja á víð og dreif yfir hleðslurnar." Þarna eru tveir kálgarðar, tæpum 620 m austan við bæ 001 og um 330 m austan við Bæjarskersrétt 103. Þeir eru líklega ekki mjög fornir en fá að njóta vafans og taldir til fornleifa. Fast norðan við kálgarðana eru timburhrúgur, líklega ummerki um fiskitrönur. Vegslóði, ekki forn er jafnframt fast norðan við kálgarðana.

Kálgarðarnir eru í heiði, víða eru moldarflög, stakir steinar og melur inn á milli klapparhóla. Mosi og gras er ríkjandi á þessu svæði. Kálgarðarnir eru á svæði sem er 75 x 45 m að stærð og snýr austur-vestur. Í lýsingu þessari fá þeir bókstafi til aðgreiningar. Kálgarður A er suðaustar, Katrín lýsir honum árið 2008. Hann er 40 x 23 m að stærð, einfaldur og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Hér og þar glittir í 1-2 umför af grjóthleðslu, gras er vaxið yfir veggina á köflum. Vírgirðing liggur ofan á veggjum og op er í norðausturhorni. Innan í kálgarðinum er slétt, gróið svæði sem sker sig úr heiðinni. Kálgarður B er 1,5 m norðan við norðvesturhorn kálgarðs A. Hann er 31 x 13 m að stærð, einfaldur og snýr norður-suður. Innan kálgarðsins er gróið svæði sem hefur verið plægt, ennþá mótur fyrir beðum innan hans. Svæðið er 0,1-0,2 m á dýpt. Innri brún veggjanna er greinilegri en sú ytri, þeir eru 0,1-0,3 m á hæð. Kálgarðurinn er óljós til norðausturs og nánast horfinn.



Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 5-6

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -134 (17)**



Garðlög GK-055:123A og B, horft til vesturs og þúst C, horft til NNV

Katrín Gunnarsdóttir skráði garð ofan Bæjarskers árið 2008: "Um 80 m í suður frá fjarskiptahúsum sem eru norðarlega á svæðinu. Hleðslan er á nokkuð sléttu landi þar sem eru mosavaxnir steinar og mold á milli. [...] Einhlaðið garðbrotið liggur austur vestur og er um 20 m langt samhliða þessum garði. Með tveggja metra bili er annar garður um 9 m langur. Garðurinn rofnar á 8 m bili við vesturendann og kemur síðan aftur og er um 10 m langur. [...] Um 5-6 m frá austurhluta garðbrotsins í norður er grjóthrúga um 0.80 m á hæð." Tvö? garðlög og þúst eru skráð hér saman. Minjarnar eru 170 m ANA við rétt 103 og um 490 m austan við bæ 001. Þetta eru að öllum líkindum ekki fornar minjar en njóta vafans og teljast hér til fornleifa.

Minjarnar eru í heiði, þarna er melur og smágrýti áberandi. Hér og þar eru klapparhólar. Á svæði sem er 90 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur, eru tvö garðlög og þúst. Hér er þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Garðlag A er syðst. Það er 90x1 m á stærð og liggur austur-vestur. Það er lítið annað ein einföld grjóthleðsla, 0,1 m á hæð. Garðlagið er óskýrt á köflum og nánast hverfur en hægt er að fylgja því. Það hefur verið? hlaðið undir vírgirðingu en hún er horfin. Garðlag B er 1,5 m norðar og er mun umfangsminna. Það er 16 x 1 m að lengd og liggur austur-vestur. Það er 0,1 m á hæð og tilgangur þess er óljós. Þúst C er 5 m norðaustan við garðlag B. Hún er 3,8 x 1,8 m að stærð og 0,5 m á hæð. Það má sjá 2-3 umför af stóru grjóti í henni, því var hrúgað saman. Tilgangur hennar er óljós.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 6

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -138 (37); Sandgerði 181043 60 -139 (38,53,42,37); Sandgerði 181043 60 -143 (48)**



Garðlag GK-055:126A (til vinstri), horft í suður og garðlag GK-055:126B, horft í austur

Garðarnir eru austan Stafnesvegjar, tæpum 490 metrum suðaustan við bæ 001 (Bæjarsker). Garðlögunum var skipt upp í fjóra hluta (A,B,C og C) miðað við stefnu þeirra og útlit. Katrín Gunnarsdóttir skráði garðana ofan Bæjarskersvegi árið 2008 sem undirhleðslugarða og túngarða.

138. Undirhleðslugarður. "Um 470 m frá Bæjarskersvegi í suður. Garðurinn er í kringum túnblett austan Stafnesvegjar. [...] Garðurinn er umlukur á þrjá vegu af garðhleðslum sem eru út frá honum." Hér er þessi hluti garðlagsins skráður undir númerunum 126A og 126B.

139. Túngarður. "Um 300 m frá Bæjarskersvegi í suður, ofan og austan Stafnesvegjar." Hér þessi hluti garðlagsins skráður undir númerinu 126C


143. Undirhleðslugarður. "Um 150 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 260 m ofan og austan



Túngarður GK-055:126C (til vinstri), horft til norðvesturs og vörslugarður GK-055:126D, horft til norðurs

Stafnesvegjar. Þessi veggjahleðsla er hluti af túngarðshleðslum sem eru nr. 139. Frá þessum hleðslugarði í austur eru um 25 m í vírgirðingu. [...] Út frá túngarðshleðslum nr. 139 er þessi hleðslugarður, sem er um 150 m langur. Hann liggur suður-norður. Við norðurenda garðsins eru tveggja arma hleðslur um 5-6 m langar, og á milli þeirra er um 2.5 m. [...] Um 4 m í norður frá nyrðri armahleðslunni er um 11 m

langur einhlaðinn garður sem er í austur-vestur." Hér er þessi hluti garðlagsins skráður undir númerinu 126D.



Teikningin sýnir hvernig garðlög GK-055:126 liggja og þær fornleifar sem eru nálægt þeim

metrar á breidd. Hæð þess er 0.4-0.5 metrar og sést í 1-2 umför af grjóti.

Garður C liggur NNA-SSV og er 211 metra langur. Þessi hluti garðlagsins er mjög veglegur og er greinilega gamall túngarður. Á stórum hluta sést hann sem 0.7 metra hár kanntur, með 3 umförum af grjóti sem vísa til austurs. Þar sem hann krossar við hluta B verður hann hinsvegar lægri þó svo að grjótið í honum sé stórt og mikið. Þar er hann 0.4-0.5 metrar á hæð og 1 umferð af grjóti. Tveir þvergarðar eru á þessum hluta, annars nyrst á því og hinn 50 metrum frá suðurenda þess.

Hluti D er nyrsti hluti garðlagsins og heldur hann áfram í beinni línu til NNA út frá hluta C. Það er 225 metra langt og skiptist í fjóra búta. Syðsti hlutinn er lengstur en slitnar eitthvað niður þannig að ekki sést alltaf móta fyrir samfelldu grjóti þó svo að enn sjáist stöku steinar þar á milli. Einn stuttur þvergarður er á garðlaginu miðju en ekki fundust þeir þvergarðar sem skráðir voru af Katrínu á svæðinu árið 2008. Garðlagið liggur upp að grasi vöxnum hól/púst [148] og heldur áfram hinum megin við hann.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 9-10, 12

Garðlögin liggja austan Stafnesvegjar. Hluti A er samsíða veginum og liggur undir girðingu meðfram litlu túni. Hluti B liggur upp til austurs meðfram sama túni, undir girðingu og áfram austur yfir holtin. Aðrir hlutar garðlagsins liggja ofar í heiðinni í þýfðu landslagi, norður-suður.

Minjasvæðið er 420 x 230 metrar að stærð og snýr norður-suður. Garðlögin að mestu samtengd þó vanti stundum inn smá búta. Þeim var skipt upp í fjóra hluta, A, B, C og D og verður hverjum hluta lýst hér á eftir.

Hluti A liggur samsíða Stafnesvegi á 75 metra löngum kafla. Það er undir girðingu og frekar gróið en sést þó glitta í grjóti af og til. Garðlagið er 1.2-1.8 metrar á breidd og um 0.3 metrar á hæð. Hluti B liggur út frá A til austurs. Það er veglegra garðlag og sjást hleðslurnar ágætlega þó svo að neðsti hluti þeirra sé gróinn. Hleðslurnar virðast vera hrundnar að hluta og sjást í dag frekar sem hrúga heldur en fallega uppraðað grjót. Girðing hefur verið lögð ofan í garðlagið. Það er 124 metrar á lengd og 0.7-1.8

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -140 (39)**



Garðlag GK-055:127, horft til norðvesturs


metrar og er það 2 - 2.2 metrar á breidd. Það er grjóthlaðið og má sjá bæði stórt grjót í því sem og minna. Grjótið er ekki vandlega hlaðið og hefur því verið hrúgað up í garðinn eða er hrúnið að öllu leyti. Austan við garðlagið má sjá einfaldar steinhleðslur þar sem búið er að raða einföldu grjóti í hring (127B og 127C) en það eru líklega ekki fornleifar heldur merki um að grjót hafi verið borið úr garðinum í seinni tíð til þess að leggja þessa steina. Stórir og háir ruðningar eru að sjá á svæðinu fyrir norðan og austan garðlagið og gætu þeir tengst þessu garðlagi. Líklega hefur verið tún á svæðinu sem hefur verið rutt, líklega með vélum og er garðlagið því líklega ekki mjög gamalt. Leifar af gamla túninu má enn sjá á loftmyndum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 10

Rúmum 600 metrum suðaustan við bæ 001, vestan við garðlag [126C], en samsíða því, er annað garðlag. Katrín Gunnarsdóttir skráði það sem undirhleðslugarð ofan Bæjarskers árið 2008: "Um 340 m frá Bæjarskersvegi í suður, og um 190 m í austur, rétt innan við túngarðinn sem er hér á undan númer [126 (C)]. Garðurinn er um 22 m langur, liggur í norður-suður. Tekið hefur verið úr hleðslum garðsins um miðju hans, hringlaga hleðslur, eins og þarna hafi einhver verið að leik."

Svæðið er grasi vaxið og smáþýft og þar vex einnig mosi og lyng. Garðlagið er 23 metra langt og liggur eins og fyrir segir norður-suður. Hæð þess er 0.4 - 0.8



Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -144 (49)**



Lítið hrúnið byrgi er tæpum 700 metrum suðaustan við bæ 001 og 100 metrum austur af garðlagi [126D], austan við Stafnsnesveginn. Katrín Gunnarsdóttir skráði byrgið árið 2008: "Um 230 m frá Bæjarskersvegi í suður um það bíl að rauðu fjárhúsi sem þarna er núna, og um 260 m ofan og austan Stafnesvegur. Byrgið er í smá hæðalandslagi á smá hól, sem þarna er nokkuð áberandi upp úr landinu, sem er grasivaxið með þúfum og grjótlákum."

Byrgið liggur uppi á lítilli grasivaxinni hæð og sést glitta í grjót í holtinu


Byrgi GK-055:130, horft til norðausturs

á víð og dreif.

Byrgið situr efst á hólnum. Það er hrúnið og því erfitt að sjá hvernig það leit út upphaflega. Það er 2,5 x 2 metrar að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslan sem er suðvestast gætu verið á sínum stað en annars er rústin óregluleg. Hæð hennar er aðeins 0,1 – 0,2 metrar. Líklega hefur verið opið inn í hana á norðvesturvegg. Hrúnið er mosavaxið og því nokkuð síðan tóftin hrundi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 13



Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -145 (50)**



Hleðsla GK-055:131, horft til austurs

nokkra steina sem liggja á milli tveggja stórra jarðfastra steina. Hleðslan er 1,5 x 0,5 metrar á stærð og hæðin á henni er um 0,3 metrar. Hún er þó hærri ef tekið er með í reikninginn grjótið sem hún stendur á og er hún þá um 0,7 metrar á hæð. Líklega er um að ræða hrunda vörðu sem áður hefur staðið uppi á öðrum steininum en hefur nú fallið niður á milli þeirra. Katrín skráði byrgi og L-laga hleðslu á svipuðum stað en ekki sáust nein ummerki um það í grjótinu í kring þó víða væri leitað.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 13

Hrunin hleðsla sem líklega var lítil varða, er 670 metrum suðaustan við bæ [001] og rúmum 60 metrum suðvestan við [130], austan við Stafnsnesveg. Katrín Gunnarsdóttir skráði hleðsluna sem byrgi árið 2008: "Um 310 m frá Bæjarskersvegi í suður að norðvesturhorni á undirhleðslugirðingu austan Stafnesvegar. Fylgir þeirri girðingu í austur um 230 m, og frá norðausturhorni hennar um 70 m í norðaustur. Hleðslan er austan í sama hæðalandi og nr. 144 hér á undan."

Hleðslan er í suðurhlíð lítillar grasivaxinnar hæðar og sést glitta í grjót í holtinu á við og dreif.

Hún er byggð upp á stórt grjót í suðurhlíð lítillar hæðar. Um er að ræða

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -146 (51)**



Þúst GK-055:132, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 14

Katrín Gunnarsdóttir skráði hleðslu eða hrúgu ofan Bæjarskers árið 2008: "Á litlum grasivöxnum hól um 120 [m] í suður frá húsum fjarskiftastöðvar. Nokkuð regluleg formuð steinahrúga [...]." Þústin er 70 m vestan við kálgarða 122 og 560 m austan við bæ 001. Hún er ekki mjög forn og ekki er vitað hver tilgangur hennar var.

Þústin/hrúgan er í heiði, þarna er melur og smágrýti áberandi. Grjóthrúgan er á mosavöxnum klapparhól, ekki ber mikið á henni úr fjarlægð. Ekki er hægt að greina reglulegar hleðslur í henni, þetta er lítið annað en grjót sem staflað er saman. Einn steinninn stendur upp á rönd og ýkir hæðina sem og umfangið. Hrúgan er 3,2 x 1,5 m að stærð, 0,2 m á hæð og snýr norður-suður.

Númer úr eldri deiliskráningarskýrslu: **Sandgerði 181043 60 -148 (59)**




Fjárskýli GK-055:134, horft til austurs

Katrín Gunnarsdóttir skráði fjárskýli ofan Bæjarskers árið 2008: "Frá Sandgerðisvegi þar sem er innkeyrsla í nýtt hverfi, um 400 m í suður að klettabelti sem er áberandi í umhverfinu. Landið hækkar þó að klettabeltinu, en landið er grasivaxið og þúfótt með grjóti á milli. [...] Þykkir og grasmiklir veggir mynda norður- og austurhlið aðhaldsins, norðurhliðin er kletturinn sem aðhaldið er mótað að. [...] Ekki sést í steinahleðslur, en náttúrusteinar eru sýnilegri." Tóftin er rúma 880 m ASA við bæ 001 og tæpum 30 m suðvestan við tóftir 144.

Tóftin er í grónum hvammi, fast norðan við klettabelti. Hvammurinn er afmarkaður til suðurs og austurs af klettum, annars er gras áberandi á svæðinu. Tóftin er 6,5 x 4,4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Norður- og austurveggur eru grjóthlaðnir en til suðurs afmarkast tóftin með klettavegg. Hann er 1-1,5 m á hæð og brattur. Hlöðnu veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og grónir. Það sést þó og finnst við yfirferð um svæðið að þeir eru grjóthlaðnir, það glittir jafnframt í staka steina. Í norðvesturhorni eru tveir stakstæðir steinar hluti af veggnum, undir og á milli þeirra sést glitta í hleðslu. Tóftin er opin til vesturs og er grafinn inn í brekku til austurs, að klettunum. Veggirnir eru óljósir að utan.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 15



GK-055:141 varða óþekkt

A: 319193 N: 396687




Hrunin hleðsla er 450 metrum suðaustan við bæ 001 og rúnum 40 metrum austan við Stafnsnesveg. Hún er 4 metrum norðan við girðingu sem liggur austur frá Stafnsnesvegi. Líklega er um hrunda vörðu að ræða.

Varðan er staðsett á grasi grónu flatlendu svæði við Stafnsnesveginn. Varðan er 2 x 2 metrar að stærð en út frá suðurhlíð hennar liggur eins metra löng hrunin hleðsla. Hleðslurnar eru óreglulegar og er varðan ekki vandlega hlaðin heldur hefur verið hrúgað upp. Hæð hennar er 0,2 – 0,3 metrar og neðstu hleðslur eru sokknar niður og grónar.

Varða GK-055:141, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Skotbyrgi GK-055:142, horft til austurs

Gróin þúst er rúmum 680 metrum suðaustan við bæ 001, upp við syðsta hluta garðlags [126C]. Hún er fyrir utan deiliskipulagsreitinn sem um ræðir en var þó tekið með í skráninguna.

Þústin er uppi á lítilli grasivaxinni hæð. Hún er 2,5 x 2 metrar að stærð og 0,3 – 0,4 metrar á hæð. Hún er algróin grasi og ekki sést í grjóthleðslur þó svo að sjáist að hún sé grjóthlaðin. Þústin er uppi á hól með útsýni til allra átta og því líklegt að um sé að ræða einhverskonar skotbyrgi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Þúst GK-055:143, horft til vesturs

Þúst er rúmum 50 m suðvestan við kálgarða 122 og rúmum 550 m ANA við bæ 001. Hún er uppi á klapparhrygg og sést víða að. Vírgirðing og hlið er 50 m norðvestan við þústina.


Á þessu svæði er mosi, melur og steinar. Þústin er uppi á klapparholti og mjög gróin og sker sig úr umhverfinu,

Þústin er 2,2 x 2,2 m að stærð og hringlaga. Hún er algróin, það sést glitta í grjót neðst í henni. Þústin er í tveimur stöllum, neðri brúnn er 0,2 m á hæð og brún hennar bein. Hún er líklega torfhlaðin. Ofan á henni er annar stallur sem er 0,2 m á hæð líka. Hún er minni og strýtulaga. Ekki er ólíklegt að hér sé um siglingamerki eða vörðu að ræða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-055:144 tóft fjárhús

A: 319775 N: 396826



Fjárhús GK-055:144. Á vinstri mynd er horft til suðausturs en á þeirri hægri til austurs

Tóft er um 30 m norðaustan við tóft 134 og 900 m austan við bæ 001. Tóftin er hlaðin upp á klettabelti að austan og er uppi á lágum hól. Tóftin er í grónum hvammi, fast vestan við lágt klettabelti. Hvammurinn er afmarkaður til suðurs og austurs af klettum, annars er gras áberandi á svæðinu.

Tóftin er 9,5 x 9,5 m að stærð og skiptist í tvö hólfi. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð, stórþýfðir og algrónir. Það glittir hér og þar í grjóti án þess að um greinileg umför sé að ræða. Þeir eru eingöngu grjóthlaðnir, líkt og flestar aðrar minjar á svæðinu. Lýsingin hefst til suðurs í hólfi 1. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Klettarnir til austurs eru 0,8 m á hæð og brattir. Hólfið er opið til vesturs, hluti af nyrðri langhlið nær 2,5 m vestar en suðurlanghlið. Hólf 2 er norðar og stærra. Það er 8,5x2,5 m að innanmáli og opið til vesturs. Sem fyrr afmarka klettur austurvegg.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-055:145 þúst óþekkt

A: 319747 N: 396824




Þúst er tæpum 9 m norðan við fjárskýli 134 og um 870 m austan við bæ 001. Þústin er í grónum hvammi, lögun hennar og stærð bendir til þess að um fjárhús sé að ræða. Þústin er í grónum hvammi, fast norðan við klettabelti. Hvammurinn er afmarkaður til suðurs og austurs af klettum, annars er gras áberandi á svæðinu.

Þústin er 7x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,1-0,5 m á hæð, þýfð og algróin. Hún er hæst til austurs, landið er í aflíðandi halla til vesturs hér.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Þúst GK-055:145. horft til norðurs




Tóft GK-055:146, horft til austurs

Lítill, grjóthlaðin tóft er rúmum 50 m sunnan við tóft 134 og tæpum 860 m ASA við bæ 001. Tóftin er sunnan við klettabelti, á lágum klapparhól. Ekki er ljóst hver tilgangur tóftarinnar er, mögulega var þetta aðhald fyrir fé eða byrgi.

Tóftin er á lágum klapparhól, skammt sunnan við hátt klettabelti. Milli þeirra er rofið svæði, melur og stakir steinar eru þar áberandi. Á lágum, ílöngum klapparhól er lágreist, hringlaga tóft. Hún er 3,7 x 2,9 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru hlaðnir úr smáu hellugrjóti. Þeir eru 0,5-1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það eru 2-4 umför af grjóthleðslu í þeim. Tóftin er opin er norðvesturs, fram á langa brún holtsins.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda



Hleðsla GK-055:147, horft til vesturs

Óljós tóft eða hleðsla er tæpum 9 m ANA við tóft 146 og um 870 m ASA við bæ 001. Hlutverk hennar

er óljós, mögulega var þetta byrgi. Hleðslan er á lágum klapparhól, skammt sunnan við hátt klettabelti. Milli þeirra er rofið svæði, melur og stakir steinar eru þar áberandi.

Hleðslan er 4 x 2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og er í halla til NNA, niður sama klapparhól og tóft 146 er á. Hún er 0,1-0,2 m á hæð og opin til norðurs. Jarðfastur steinn er hluti af mannvirkinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-055:148 þúst óþekkt

A: 319426 N: 396822



Þúst GK-055:148, horft til austurs

gróið yfir hana til austurs. Það sést glitta í regluleg umför þar í gegn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Þúst er 240 m suðaustan við rétt 103 og 570 m ASA við bæ 001. Garðlag 126d, liggur að þústinni að sunnan og áfram til norðurs, frá henni. Tilgangur hennar er óljós, mögulega er þetta siglingamerki eða varða.

Þústin er á lágum klapparhól. Allt umhverfis er gróið svæði, melur og grjót. Þústin er 4,6x3,7 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2-0,4 m á hæð og það eru tveir "stallar" í henni. Neðri hlutinn er 0,2 m á hæð og algróinn. Hann er líklega torfhlaðinn og ytri brúnin er brött, sérstaklega til suðurs. Norðurhlutinn er raskaður, líklega vegna girðingar sem var á garðlagi 126. Uppi á stallinum er grjóthrúga sem er 0,2 m á hæð. Það er

5. Niðurstöður

Deiliskipulagsreiturinn er sunnan við núverandi íbúðabyggð í Sandgerði en þar eru áætlanir um að byggja upp nýjan íbúðakjarna. Landið heyrir undir jörðina Bæjasker en reiturinn er nokkuð austan við heimatún og aðalathafnasvæði bæjarins. Engin hús, leiðir eða rústir eru bæjarteikningu af svæðinu og engar heimildir eru til um að byggt hafi verið að ráði á svæðinu eða að þar hafi verið einhver starfsemi. Þess má þó geta að þó engar heimildir séu til um nýtingu svæðisins má þó má ætla að landið hafi verið nýtt til ýmissa verka enda fundust nokkur fjöldi fornleifa á svæðinu.

Alls voru skráðir 17 minjastaðir innan deiliskipulagsreitsins og sjást allar þessar minjar ennþá. Hlutverk minjanna var fjölbreytt en mikið var af garðlögum á svæðinu sem flest hafa líklega verið einhverskonar vörslugarðar, þá líklega til að halda skepnum innan viss svæðis eða utan þess. Á svæðinu fundust einnig tveir kálgarðar. Tvö garðlaganna GK-055:126B og C hafa án efa verið túngarðar og ber svæðið í kring þess merkis að það hafi verið sléttað eða rutt en stórir ruðningar liggja vestan túngarðshleðslu C. Á svæðinu voru annars tóftir sem tengjast sauðfjárrækt og sauðfjárbæit, vörður og byrgi. Lítið er hægt að segja um hlutverk stórs hluta minjanna en þar var um að ræða þústir eða óljósar hleðslur.

Þegar svæðið var gengið fundust átta áður óþekktir minjastaðir sem ekki fundust við fornleifaskráninguna árið 2008. Í vettvangsathuguninni sem farin var um miðjan desember 2017, var svæðið ekki gengið skipulega eins og venjan er við deiliskipulagsreiti vegna úrskurðar Minjastofnunar Íslands, eins og áður hefur komið fram. Þessi fjöldi áður óþekkttra minjastaða gæti bent til þess að fleiri fornleifar gætu leynst á svæðinu sem enn hafa ekki verið skráðar.

Allar minjarnar voru skráðar í stórhættu vegna framkvæmda þar sem vitað er að áætlanir eru um íbúðabyggð á svæðinu. Hönnun íbúðabyggðar á reitnum er enn ekki lokið og því er óljóst hvaða minjar gætu lent undir húsum, vegum eða öðru sem tengist íbúðabyggð og hvaða minjar verða hugsanlega aðeins fyrir áhrifum vegna nálægðar við byggðina. Vert er að taka fram að það er öllum í hag að fornleifaskráning eigi sér stað áður en hafist er handa við að fullskipuleggja svæði, líkt og gert var hér, enda gerir það alla úrvinnslu og skipulagsvinnu mun auðveldari þegar nákvæm staðsetning og lega fornleifa er þekkt. Sömuleiðis er rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt heldur aðeins að hún er innan áhrifasvæðisins og því þurfi að gæta að henni. Í mörgum tilfellum ætti að vera hægt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja að framkvæmdir eyðileggi

ekki fornleifarnar. Í lokin er þó rétt að geta þess að þar sem ekki verður komist hjá raski, úrskurðar Minjastofnun Íslands hvort og með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.



Heimildaskrá

Annálar: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum*. I-VIII. bindi.

Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1987.

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* (1857-1972). I.-XV. bindi.

Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

ÍF: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma* (1968) Reykjavík: Hið Íslenska fornritafélag.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla* (1923 24). III. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J (1846). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Katrín Gunnarsdóttir (2008a). *Fornleifaskráning í landi Sandgerðis vegna nýs deiliskipulags á svæði austan Stafnesveggar ofan Bæjarskers*. [Án útgáfustaðar]: [Án útgefanda].

Katrín Gunnarsdóttir (2008b). *Fornleifaskráning í landi Bæjarskers vegna nýs deiliskipulags*. [Án útgáfustaðar]: [Án útgefanda].

Magnús Grímsson. „Fornminjar um Reykjanesskaga.“ *Í Landnám Ingólfs: safn til sögu þess*. II. bindi. Reykjavík: Félagið Ingólfur, 1940: 243-262.

Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2007). Reykjavík: Sögufélag.

Óprentaðar heimildir

Kanon arkitekter ehf (2008). *Íbúðarsvæði sunnan Sandgerðisveggar. Deiliskipulag. Greinagerð og skilmálar*. Reykjavík.

Minjastofnun Íslands (2017). Bréf frá minjaverði Reykjaness. Dagsett 6.des 2017

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Bæjarsker AG: Örnefnaskrá Bæjarskers (á.á). Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bæjarsker Aths.: Bæjarsker (á.á). Halldóra Ingibjörnsdóttir skráði. Reykjavík:
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bæjarsker MÞ: Örnefnaskrá Bæjarskers (1960). Magnús Þórarinsson skráði. Reykjavík:
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Kort

Herforingjaráðskort (1910). *Generalstabens topografiske kort. Nr. 17, Suðurnes S.A.* Mælt
árið 1908. Kaupmannahöfn.

Túnakort Býjarskerjahverfis (1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands

Vefsíður

Ferlir. „Stóri-Hólmur og Bæjarsker.“ Sótt 14.3.2017 af <http://www.ferlir.is/?id=3739>

Hnitaskrá

Sértala	X	Y
GK-055:103	319209.5	396927.9
GK-055:122	319585	396966.7
GK-055:122B	319551.2	396985.2
GK-055:123	319388.9	396974.5
GK-055:126A	319152.7	396622.1
GK-055:126B	319261.7	396565.2
GK-055:126C	319390.6	396654.5
GK-055:126D	319420	396788.7
GK-055:127A	319345.8	396648.9
GK-055:127B	319350.9	396649.7
GK-055:130	319513.5	396750.1
GK-055:131	319479.8	396699.7
GK-055:132	319451.7	396983.1
GK-055:134	319744.2	396812.3
GK-055:141	319193.7	396687.1
GK-055:142	319364.6	396526.4
GK-055:143	319499.5	396931.3
GK-055:144	319775.9	396826.1
GK-055:145	319747.2	396824.6
GK-055:146	319727.2	396758.6
GK-055:147	319740.9	396763.9
GK-055:148	319426.7	396822.6

Minjakort



Lýsing

- Deiliskipulagsreitur
- Skráðar fornleifar
- Hús
- Veglínur

Útlínur fornleifa

- grjóthleðslur
- torf- og grjóthleðslur

Deiliskipulagsreitur í landi Bæjarskers

0 100 200 300 400 m

© Fornleifastofnun Íslands